

4. Umferð um Gránufélagsgötu nýtur forréttar fyrir umferð úr Hólabraut og Laxagötu.
5. Umferð á Þingvallastræti nýtur forréttar fyrir umferð úr Helgamagrastræti.
6. Umferð um Hrafnagilsstræti nýtur forréttar fyrir umferð úr Möðruvallastræti, Laugargötu, Skólastíg, Austurbyggð.
7. Stöðvunarskylda er á Gránufélagsgötu við Geislagötu.

II. Bifreiðastöður bannaðar:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á Brekkugötu sunnan Oddeyrargötu og fellur niður 15 mín. staða, sem þar er nú.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar á Aðalstræti frá Hafnarstræti (nr. 3) og suður úr.

III. Um 15 mín. stöður:

15 mín. stöðuleyfi er á Hafnarstræti frá Verzl. Eyjafirði suður fyrir timburhús K.E.A.

IV. Gjaldmælar fyrir bifreiðar hafa verið settir í Hafnarstræti milli Kaupvangsstrætis og Ráðhústorgs.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 31. okt. 1963.

Friðjón Skarphéðinsson.

7. nóvember.

Nr. 211.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 1 á Lyfjaverðskrá II. frá 15. febrúar 1963.

Frá og með 18. nóvember 1963 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. nóvember 1963.

F. h. r.

Baldur Möller.

Elias Eliasson.

14. nóvember.

Nr. 212.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið: Að bifreiðastöður verði bannaðar á Eskihlíð.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 14. nóvember 1963.

Sigurjón Sigurðsson.